



**86. fundur Fjölskylduráðs Múlaþings  
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 7. nóvember 2023  
og hófst hann kl. 12:30**

**Fundinn sátu:**

Sigurður Gunnarsson formaður, Alda Ósk Harðardóttir varamaður, Guðmundur Björnsson Hafþórsson aðalmaður, Guðný Lára Guðrúnardóttir aðalmaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir aðalmaður, Eypór Stefánsson aðalmaður, Jóhann Hjalti Þorsteinsson aðalmaður, Þórlaug Alda Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir fræðslustjóri og Þórunn Bylgja Borgþórsdóttir íþrótt- og æskulýðsstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Bylgja Borgþórsdóttir, íþrótt- og æskulýðsstjóri

**Dagskrá:**

**1. 202308084 - Íþrótt- og tómstundastyrkir fjölskylduráðs, október 2023**

Fyrir liggja umsóknir um íþrótt- og tómstundastyrki fjölskylduráðs sem auglýstir voru til umsóknar með umsóknarfrest til og með 15. október 2023.

Fjölskylduráð leggur til að eftirfarandi verkefni verði styrkt:

Ferðafélag Fljótsdalshéraðs, Ævintýraferðir fjölskyldunnar, kr. 300.000.

Náttúruskólinn, Rætur og rótarskot, kr. 300.000.

Æskulýðsstarfsemi Freyfaða, Reiðkennsla fyrir börn og unglinga, kr. 300.000.

Sverrir Rafn Reynisson, sleggjukast - æfinga- og keppnisferðir, kr. 100.000.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**2. 202311013 - Reglur um hreyfi- og heilsueflingarstyrk starfsfólks Múlaþings 2024**

Fjölskylduráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að reglum um hreyfi og heilsueflingarstyrk starfsfólks Múlaþings fyrir árið 2024.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu

**3. 202311012 - Tómstundaframlag Múlaþings 2024**

Fjölskylduráð samþykkir fyrirbyggjandi reglur um tómstundaframlag Múlaþings fyrir árið 2024, leggur til hækkun tómstundaframlags um 5.000 kr. til viðbótar við fjárhagsáætlun sviðsins. Fjölskylduráð vísar málinu til byggðaráðs til afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**4. 202310148 - Opnunartími í Íþróttamiðstöðinni á Egilsstöðum**

Fyrir liggur erindi frá forstöðumanni íþróttamiðstöðvarinnar á Egilsstöðum varðandi breytingu á opnunartíma hússins frá 10-18 yfir í 9-17 á laugardögum og



sunnudögum.

Fjölskylduráð samþykkir breytinguna og bendir á að rétt er að auglýsa hana vel til notenda.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**5. 202010555 - Skýrsla íþróttá- og æskulýðsstjóra**

Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00**

